

Ed.

## 547. Frumvarp til laga

[234. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Geirþrúður Hildur Bernhöft.

### 1. gr.

B-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Þó skulu elli- og örorkulífeyrisþegar fá þessa hjálp greidda að fullu. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.

### 2. gr.

C-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, og nauðsynleg lyf fyrir elli- og örorkulífeyrisþega að fullu, en önnur nauðsynleg lyf að  $\frac{3}{4}$  eða  $\frac{1}{2}$ , enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.

### 3. gr.

Í stað orðanna í lok 5. málsgr. 50. gr. laganna: „er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta“ komi: skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 25% tekjutryggingar.

### 4. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir þrem breytingum á núgildandi lögum um almannatryggingar. Varða þær hag elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega.

Frumvarpið felur í sér breytingu á b-lið 43. gr. varðandi greiðslu læknisrannsókna og aðgerða utan sjúkrahúsa fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Samkvæmt núgildandi lögum fær sjúklingur, sem lagður er inn á sjúkrahús til læknisrannsóknar, sjúkrahúsdvölinu greidda að fullu, þar með taldar allar rannsóknir, röntgenmyndatökur, lyf og aðrar aðgerðir.

Fjöldi sjúklinga, sem þarfnast nákvæmrar læknisrannsóknar, kemst þó ekki inn á sjúkrahús. Fer þá læknisrannsókn fram utan sjúkrahúsa, og sjúklingur fer á milli þeirra staða, sem geta veitt þessa nauðsynlegu þjónustu.

Fari rannsókn og aðgerðir fram utan sjúkrahúsa, fær sjúklingur ekki greitt að fullu, heldur ber honum að greiða  $\frac{1}{4}$  hluta kostnaðar.

Fjöldi elli- og örorkulífeyrisþega er ókleift að greiða þennan kostnað. Auk þess neyðast þeir oft til, vegna veikinda, að nota leigubíla, og bætist þá greiðsla fyrir þá ofan á fyrrnefndan sjúkrakostnað.

Læknisrannsókn eða aðgerð utan sjúkrahúsa er einnig mun kostnaðarminni fyrir ríki og sveitarfélög en sjúkrahúsdvöl. Ekki þarf að færa önnur rök fyrir því en benda á daggjöld sjúkrahúsa. T. d. er daggjald Landsspítalans og Borgarspítalans í Fossvogi nú kr. 5 100.00.

Hér er því lagt til, að nauðsynlegar læknisrannsóknir og aðgerðir utan sjúkrahúsa greiðist að fullu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Þá er lögð til í frumvarpi þessu breyting á ákvæðum c-liðar 43. gr. um greiðslu lyfja.

Samkvæmt nágildandi lögum er þátttaka sjúkrasamlags í lyfjagreiðslum mismunandi. Fer það eftir sjúkdómum og tegundum lyfja. Sum lyf greiðir sjúkrasamlagið að fullu, önnur að  $\frac{3}{4}$  eða  $\frac{1}{2}$ .

Af augljósum ástæðum er lyfjanotkun elli- og örorkulífeyrisþega oft mjög mikil, miðað við lyfjanotkun almennt. Jafnframt er greiðslugeta þessara lífeyrisþega oftast mun minni en flestra annarra. Mörg dæmi eru þess, að elli- og örorkulífeyrisþegar neiti sér um — eða kaupi ekki um tíma — nauðsynleg lyf vegna fjárskorts og hafni einnig aðstoð sveitarfélagsins, þótt í boði sé.

Ekki þarf að fjölyrða um, hversu alvarlegar afleiðingar slíkt getur haft. Þess vegna er lagt til, að nauðsynleg lyf greiðist að fullu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Enn fremur gerir frumvarp þetta ráð fyrir breytingu á ákvæðum 5. mgr. 50. gr. laganna varðandi greiðslu Tryggingastofnunarinnar til persónulegra þarfa elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega.

Samkvæmt nágildandi lögum er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega, sem dvelst á stofnun eða sjúkrahúsi lengur en einn mánuð og er algjörlega tekjulaus, allt að 25% lágmarksbóta. Greiðist það honum sjálfum, og er þetta fé ætlað til persónulegra þarfa. Undanfarið hefur þessi upphæð verið kr. 1 500.00 á mánuði og greiðist ársfjórðungslega. Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi þarf að greiða fatnað, hreinlætisvörur, snyrtivörur, klippingu eða hársnyrtingu og ef til vill tóbak með þessu fé, þótt ekki sé minnst á fargjald með strætisvögnum, sem elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa þó aðeins að greiða að hálfu, er augljóst, að enginn getur komið af til lengdar með þessi fjárráð.

Þess vegna er lagt til, að Tryggingastofnunin skuli greiða lífeyrisþega sjálfum 25% tekjutryggingar í stað 25% lágmarksbóta.

Nái þessi breytingartillaga fram að ganga, mundi hlutaðeigandi fá greiddar ca. kr. 3 000.00 á mánuði til persónulegra þarfa.